

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Eyðísi Blöndal um innflutning sojabauna og ræktun.

1. *Hversu mikið var flutt af sojabaunum til landsins á árunum 2013–2018? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og upprunalandi baunanna og hvort þær voru ætlaðar til manneldis eða annars, t.d. í dýrafóður.*

Eftirfarandi er listi yfir innflutning á sojavörum til landsins, þ.e. sojabaunum, sojafraejum og köggjum o.fl. úr sojabaunum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það til hvers vörunar voru ætlaðar en leiða má líkur að því að vörur úr tollskrárnúmerinu 2304.000 séu einna helst nýttar í skepnufóður.

Nettóþyngd	Sojabaunir 1201.1000	Sojafrae 1201.9000	Köggjar úr sojabaunum 2304.0000	Samtals
2013	4.787	2.375	13.783.530	13.790.692
Austurríki	900			900
Bandaríkin		15		15
Belgía			200.000	200.000
Danmörk		60	257.940	258.000
Færeyjar			26.000	26.000
Holland			37.020	37.020
Indónesía	100			100
Ítalía		50		50
Japan	1.529			1.529
Kína	1.853	177		2.030
Pólland			5.510.780	5.510.780
Stóra-Bretland		1.233	54.020	55.253
Svíþjóð	1	823	1.020.976	1.021.800
Taíland		17		17
Taívan	400			400
Þýskaland	4		6.676.794	6.676.798
2014	6.213	4.191	13.510.978	13.521.382
Austurríki	600			600
Bandaríkin		93		93
Danmörk			1.039.416	1.039.416
Frakkland			2	2
Japan	1.713			1.713
Kanada		930		930
Kína	1.350	1.355		2.705
Pólland			5.949.740	5.949.740

Stóra-Bretland		1.361	537.980	539.341
Svíþjóð		367	584.440	584.807
Taíland		18		18
Taívan	2.550			2.550
Víetnam		67		67
Þýskaland			5.399.400	5.399.400
2015	8.097	5.257	16.105.950	16.119.304
Albanía		66		66
Bandaríkin		48		48
Belgía	1			1
Danmörk		240	1.578.640	1.578.880
Holland			720.010	720.010
Japan	2.078	18		2.096
Kanada	1.537	2.334		3.871
Kína	3.280	1.752		5.032
Pólland			6.060.080	6.060.080
Stóra-Bretland		202	209.450	209.652
Svíþjóð	1	559	540.560	541.120
Taívan	1.190			1.190
Þýskaland	10	38	6.997.210	6.997.258
2016	5.745	6.921	15.965.927	15.978.593
Albanía		67		67
Bandaríkin		37		37
Brasilía		749		749
Danmörk		16	1.343.168	1.343.184
Gana		36		36
Holland			5.059.990	5.059.990
Japan	2.331	1.104		3.435
Kanada		513		513
Kína	1.604	1.089		2.693
Pólland			1.648.140	1.648.140
Stóra-Bretland		216	106.720	106.936
Svíþjóð		2.727	370.090	372.817
Taívan	1.810			1.810
Víetnam		1		1
Þýskaland		366	7.437.819	7.438.185
2017	4.611	4.123	17.791.534	17.800.268
Albanía		101		101
Bandaríkin		147		147
Brasilía		359		359
Danmörk		35	966.000	966.035
Holland		171	4.571.967	4.572.138
Ítalía		3		3
Japan	2.236	120		2.356
Kanada	75	695		770
Kína	370	382		752
Noregur			400.241	400.241

Pólland			3.630.820	3.630.820
Stóra-Bretland		50	209.560	209.610
Svíþjóð		750	41.720	42.470
Taíland		575		575
Taívan	1.930			1.930
Víetnam		735		735
Þýskaland			7.971.226	7.971.226
2018	5.423	5.736	16.368.158	16.379.317
Albanía		23		23
Bandaríkin		12		12
Brasilía		592		592
Danmörk		37	984.260	984.297
Holland		1.413	8.194.041	8.195.454
Japan	2.991	200		3.191
Kanada		1.718		1.718
Kína	630	227		857
Pólland			833.010	833.010
Stóra-Bretland	90	423	95.840	96.353
Svíþjóð	602	1.091		1.693
Taívan	1.090			1.090
Þýskaland	20		6.261.007	6.261.027
Samtals	34.876	28.603	93.526.077	93.589.556

2. Telur ráðherra grundvöll fyrir ræktun sojabauna hér á landi?

Samkvæmt upplýsingum frá Landbúnaðarháskóla Íslands eru aðstæður á Íslandi ekki góðar til útiræktunar sojabauna. Þó hafa ekki verið gerðar margar tilraunir með ræktun sojabauna en þær þurfa mun hærri hita en er hér á landi til að spíra og þroskast. Um miðja síðustu öld voru gerðar tilraunir með ræktun á sojabaunum í upphituðum og óupphituðum jarðvegi sem staðfestu þetta. Einnig var gerð tilraun til ræktunar sojabauna á tilraunastöðinni Sámsstöðum í Fljótshlíð á níunda áratug síðustu aldar sem gaf sömu niðurstöðu.

Ráðherra styður framþróun og nýsköpun á sviði landbúnaðar en með hliðsjón af framan­greindu hefur hingað til ekki verið sterkur grundvöllur fyrir ræktun sojabauna hér á landi þó að það kunnist að breytast með aukinni nýsköpun og framþróun í landbúnaði.